



Fréttabréf FFA mars 2023

Aðalfundur FFA

Verður haldinn í Lionssalnum, Skipagötu 14, 4. hæð þann 6. mars kl. 20.00.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Umræður um starf FFA
- Myndir úr ferðum félagsins frá fyrri árum
- Kaffi og kleinur!



Félagar eru hvattir til að mæta

Ferðakynning FFA 30. mars kl. 20 í VMA

Fréttir af ferðum hjá FFA:

Snjóleysi hefur verið að hrella okkur hér fyrir norðan og þess vegna hefur þurft að fella niður skíðaferðirnar í febrúar. Utanbrautarnámskeið sem byrjaði í febrúar hefur dregist á langinn og framhaldsnámskeið og fjallaskíðanámskeið hafa verið felld niður.

Búið er að kanna snjóalög í **Skíðadal** en þangað átti að fara 4. mars. Því miður er ekki hægt að skíða þar og fellur sú ferð því niður. Vonandi rætist úr þessu þegar líður á mars og að við getum farið í þær sjö skíðaferðir sem þá verða eftir á áætluninni.

Ferðast með allt á bakinu hefst 16. apríl

SKOÐA



Núvitund í náttúrunni hefst 23. apríl

SKOÐA

